



Reykjavík, 8. apríl 2024

SFS24040053

FYRIRSPURN

Fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar um flutning barna milli skóla sem lögð var fram á fundi skóla- og frístundaráðs 8. apríl 2024

Óskað er eftir tölulegum upplýsingum um hve mörg börn hafa sótt um flutning úr sínum skóla, án þess að lögheimili sé flutt, yfir í skóla innan síns hverfis eða póstnúmers eða sækja um flutning í skóla sem staðsettur er í öðrum hverfishluta, öðru póstnúmeri án þess að lögheimili sé flutt síðustu fimm árin. Óskað er eftir að svarið aðgreinist eftir þremur aldursbilum, 1.-4. bekk, 5.-7. bekk og síðan í 8.-10. bekk, eftir nafni skólans sem farið er úr, eftir nafni skólans sem sótt er um eftir póstnúmeri. Óskað er eftir upplýsingum um fjölda barna sem fá samþykktu breytta skólavist og hversu mörgum börnum er synjað. Í þeim tilfellum sem barni er hafnað um skólavist, á hvað grundvelli er umsókninni hafnað. Er einhver eftirfylgni með þeim börnum sem er hafnað um skólavist?

Greinargerð:

Mörg börn sækja um flutning milli skóla innan borgarinnar og fyrir því eru margvíslegar ástæður. Það er ekki létt ákvörðun fyrir foreldra að flytja börnin sín úr sínu hverfisskóla innan skólans þar sem fjölskyldan hefur sitt lögheimili yfir annan skóla sem staddur er í hverfinu eða skóla sem er jafnvel í öðru hverfi innan borgarmarkanna. Markmið er að fá tölulegar upplýsingar og yfirsýn um fjölda þeirra barna sem sækja um annan grunnskóla en þau eru upphaflega stunda nám í án þess að skipta um lögheimili, eftir aldri, heiti skóla, póstnúmeri og samþykkt skólavistar. Þannig að hægt sé að kalla fram tölfræðiupplýsingar er varpa ljósi á umfang og fjölda barna þar sem foreldrar eða forráðafólk óska eftir flutningi úr sínum skóla á grundvelli lögheimils í annan grunnskóla innan eða utan hverfis út frá aldri barns skóla, póstnúmeri og samþykkt skólavistunar.



Reykjavík